EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3342

Rekstraraðili	Tegund starfsemi	Starfsleyfisnúmer:
Olíudreifing ehf. kt: 6606952069	Olíubirgðastöðvar	**Gildistími starfsleyfis** 27. ágúst 2036
Starfsstöð Krossanes Akureyri	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 25. ágúst 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0006	**Eftirlitsmaður** Kristín Kröyer	**Útgáfudagur skýrslu** **28.10.2026**

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Gestur Guðjónsson	
Guðjón Páll Jóhannsson	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram fjögur ný frávik er varða sýnatöku úr olíuskilju, efnisþykkt olíugeymis, umhverfisupplýsingar og árekstrarvarnir.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 25. ágúst 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin opin frávik voru þegar farið var í eftirlitið

Rekstrarhandbók:

Rekstrarhandbók er til staðar og ekki voru gerðar athugasemdir við hana í eftirlitinu.

Olíuskilja:
Rekstraraðili hefur sent inn upplýsingar um þrjár olíuskiljur sem eru á starfsstöðinni. Tvær af skiljunum sem tengdar eru annars vegar gasolíuþrónni og hins vegar bensínþrónni eru með handstýrðum loka milli þróarinnar og olíuskiljunnar. Rekstraraðila er bent á að þegar tappað er úr þrónum í olíuskiljurnar að láta renna hægt þar sem olíuskiljan er ekki stór og þolir ekki mikið flæði. Allar eru olíuskiljurnar með sjálfvirkum skynjara sem gefur frá sér hljóðmerki þegar olíurýmd skiljanna er að fyllast.
Rekstraraðili framkvæmdi strimplapróf af fráveitunni frá olíuþrónum þremur vikum fyrir eftirlitsheimsóknina. Aldrei hefur verið tekið sýni og sent í efnagreiningu frá starfstöðinni sem er frávik.

Þrýstiprófanir:
Þrýstimælingar voru framkvæmdar árið 2023. Í lögn 600.70.00 hækkar mælt hitastig eldsneytisins en þrýstingur í lögninni lækkar sem bendir til þess að lögnin haldi ekki þrýstingi. Rekstraraðili sendi inn grunngögn fyrir mælinguna og rökstuðning fyrir því að gögnin gefi ekki vísbendingu um að lögnin leki.

Þykktarmælingar:
Gólf geymis T1051 er í slæmu ásigkomulagi skv. skýrslu frá þykktarmælingu sem framkvæmd var árið 2023. Þrjú svæði voru með efnisþykkt undir 3 mm og voru settar tvöföldunarplötur á þau svæði. En í skýrslunni er hægt að sjá að 17 plötur eru á einhverjum stað með efnisþykkt á bilinu 3,1 mm til 3,5 mm einnig eru tvær plötur með efnisþykktina 3,0 mm og tvær með efnisþykkt undir 3mm, annars vegar er plata 46 með efnisþykkt í tæringarbolla 2,6 mm og plata 38 með efnisþykkt í tæringarbolla 2,9 mm sem eru frávik.

Trygging vegna bráðamengunar:
Rekstraraðili hefur sent inn afrit af tryggingaskírteini til stofnunarinnar.

Umhverfisupplýsingar:
Rekstraraðili skilaði umhverfisupplýsingum til stofnunarinnar þann 30. júní 2026 fyrir árið 2025 sem er of seint og því frávik.

Vettvangsskoðun:
Gengið var um athafnasvæði rekstraraðila. Heilt á litið er svæðið mjög snyrtilegt. Þó voru fjórar tunnur með úrgangsolíu eða litarefni geymd án árekstrar- og lekavarna á áfyllingarplaninu. Svæðið er þó tengt olíuskilju. Á steyptu plani með niðurfall tengt olíuskiljunni frá gasolíuþrónni eru geymdir bambar með vatnsblandaðri olíu. Engar árekstrarvarnir eru við bambana sem er frávik.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 24 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávik skráð: 25. ágúst 2026 Sé efnisþykkt olíugeymis innan við helmingur upphaflegrar efnisþykktar eða undir 3 mm skal gert við tæringu *Efnisþykkt geymis T1051 er á tveimur stöðum undir 3 mm.*	Opið
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Frávik skráð: 25. ágúst 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað eftir 1. maí 2026.*	Lokað
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávik skráð: 25. ágúst 2026 Öruggar mengunar- áreksturs- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma *Á svæðinu voru geymdar tunnur og bambar án fullnægjandi árekstrarvarna.*	Opið
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 25. ágúst 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Skv. starfsleyfi á að mæla olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftar ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.9 séu uppfylltar. Sýni úr fráveituvatni hefur aldrei verið sent til efnagreiningar.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.